



NÝLIÐA- OG HÁFORGJAFARMÓT GR KVENNA

Keppnisskilmálar

- Mótið er Innanfélagsmót.
 - Leikfyrirkomulag mótsins er punktakeppni með forgjöf 32-54
 - Leiknar verða 9 holur Korpunnar, Landið
 - Ræst er út frá kl. 10-12 með 9 mínútna millibili
- Leikið er af teigstæði 46
- Taka skal upp boltann þegar keppandi er orðin punktalaus á holu
- Miðað er við að hámarksleiktími sé 2 klst. og 10 mínútur
- Verðlaun verða veitt fyrir 1. - 3. sæti í punktakeppni
 - Ef fleiri konur eru jafnar að stigum þá ræður fjöldi punkta á síðustu 3 holunum, ef þær eru enn jafnar þá síðustu 6 holunum, síðan 9.
 - Nándarverðlaun verða veitt fyrir högg næst holu á þar 3 (hola 22 og 25) en þar verður stálbox með málbandi og skjali til þess að skrá fjarlægðina að holu. Um er að ræða fyrsta högg og þarf boltinn að lenda á flöt
- Dregið verður um skorkortaverðlaun en þátttakandi verður að vera á staðnum til þess að hljóta verðlaun, annars verður dregið á ný
- GR sendir skorkóða á keppendur fyrir mótið og skorkort verða afhent fyrir hvert holl á staðnum. Í hverju holli tekur ein að sér að fylla út skorkort fyrir alla 4 keppendur í hollinu og önnur tekur að sér að fylla út skorkort í Golfbox
- Dómari verður á staðnum og hvetjum við þátttakendur til þess að hringja í dómara með allar spurningar til þess að læra sem mest
 - Símanúmer dómara er 6609750**
- Að leik loknum skal yfirfara skor í Golfbox áður en skorkorti er skilað í golfverslun

Góða skemmtun!
Kvennanefnd GR